

# VEIÐIMÁLASTOFNUNIN.

Arni Helgason

Yfirlit yfir starfsemi Austurlandsdeildar  
Veiðimálastofnunar á árinu 1983, og til-  
l-gur um verkefni á árinu 1983.

13.12.1982

VAUST / 8209

VEIÐIMÁLASTOFNUN

EINTAK BÓKASAFNS

### 1. Vatnasvæði Lagarfljóts.

Árangur seiðasleppinga á liðnum árum var kannaður með rafmagnsveiðum í þvérám Lagarfljóts. Í samráði við Veiðifélag Fljótsdalshéraðs var rekin laxakista í fiskveginum við Lagarfoss, og þannig fylgst með hvað gengi af fiski um stigann. Veiðifélagið var aðstoðað og leiðbeint með sleppingu 20000 sumarialinna laxaseiða á vatnasvæðið.

Úrvinnsla gagna er að mestu lokið og verða niðurstöður sendar hlutaðeigandi fljótlega.

### 2. Selfljót og þvérár þess.

Í Selfljót hefur verið sleppt laxaseiðum á undanförunum árum. Rafveitt var á sleppistöðum á vatnasvæðinu, og kannaður árangur af þeim. Úrvinnslu gagna er ekki lokið.

Veiðifélagið var aðstoðað við sleppingu sumarialinna seiða á vatnasvæðið.

### 3. Ferð um N-A-hluta umdæmisins.

Farin var ferð um svæðið frá Vopnafirði, norður um Sléttu, í Axarfjörð að Tjörnesi og á Jökuldalsheiði. Tilgangur ferðarinnar var einkum að kynna svæðinu og hafa samband við veiðifélögin á þessum slóðum. Ekki reyndist mögulegt að safna mikið af gögnum úr ám á þessum slóðum vegna bilunar í rafveivél. Rætt var við formenn flestra veiðifélaga á þessum stöðum.

### 4. Vopnafjörður.

Athugað var ástand gönguseiða í sleppikössum í Vopnafjarðarám fyrir sleppingu. Árlegar athuganir á seiðamagni í ánum voru framkvæmdar í ágúst eins og gert hefur verið undanfarin 3 ár. Árangur sleppingu sumarialinna seiða á ófiskgenga hluta Hofsfár og Vesturdalsár á síðasta ári var athugaður. Úrvinnsla gagna er að mestu lokið og hafa skýrslur verið sendar til viðkomandi veiðifélaga.

### 5. Breiðdalur.

Gerð var seiðakönnun í Breiðdalsá og þvérám hennar. Úrvinnsla gagna er langt komin, og verður viðkomandi veiðifélagi send skýrsla þegar þar liggja endanlega fyrir.

#### 6. Skráning silungsvatna.

Í haust var hafist handa um skipulega skráningu allra silungsvatna á Austurlandi. Hreppstjórum og oddvitum viðkomandi hreppa hafa verið send eyðublöð og beðnir um að fylla út með almennum upplýsingum um eignarrétt, fisktegundir í vötnum, nýtingu vatnanna og fleira . Flestir hafa tekið þessari beiðni vel, og eru þegar farin að berast svör frá sumum þessara aðila. Er þess vænst, að það takist að safna þessum upplýsingum fyrir allt svæðið á þessum vetri.

#### 7. Annað

Innsend hreisturssýnishorn af svæðinu frá árinu 1981 hafa verið afgreidd og bréf send viðkomandi aðilum.

Ýmis gögn, sem safnað hefur verið í ám á Austurlandi á liðnum árum, hafa verið skoðuð og gengið frá í aðgengilegu formi, en ekki hefur verið unnið úr þeim að öðru leyti nema í tengslum við niðurstöður athugana frá því í sumar.

Egilsstaðir 6.12.1982

Árni Helgason.

## Vinnuáætlun fyrir árið 1983

Eftirfarandi er lýsing á verkefnum, sem æskilegt er að séu unnin á árinu 1983. Í sumum tilvikum er um að ræða beint framhald af því, sem hefur verið á dagskrá hjá Veiðimálastofnun á undanförunum árum, en í öðrum tilvikum eru það ný verkefni, sem æskilegt er að byrjað sé á. eru það einkum athuganir og rannsóknir, sem tengjast silungshlunnindum á Austurlandi, en eins og kunnugt er, þá hefur Austurland þá sérstöðu héraendis, að minna er um laxveiðihlunnindi þar en á öðrum landshlutum, en hinsvegar er talsvert af ónýttum möguleikum í silungsám og vötnum.

### 1. Vopnafjarðarár.

Eins og undanfarin 3 ár verði gerð seiðaathugun í ánum í ágúst. Auk þeirra athugana verði ástandið athugað snemma sumars, og einnig seinna um haust t.d. í lok september þ.e.a.s. eftir væntanlegan vaxtatíma í ánni.

Í tengslum við væntanlegar gönguseiðasleppingar er möguleiki að kanna ítarlegar ýmsa þætti í sambandi við náttúrulega framleiðslu á seiðum með tilliti til göngutíma seiða, stærð við niðurgöngu og fleira. Af Vopnafjarðarám er Vesturdalsá hentugust til slíkra athugana, þar sem hún er af mjög viðráðanlegri stærð, og viðráðanlegt, að vera með gönguseiðagildru í henni. Er von til að slíkar athuganir geti kastað ljósi á þá sérstöðu sem ár í þessum landshluta hafa samanborið við laxár í öðrum landshlutum.

Að síðustu verði áfram fylgst með árangri seiðasleppinga á ófisk-genga hluta Vesturdalsár og Hofsar og þessir árhlutar kannaðir með tilliti til hversu mikið af seiðum megji hugsanlega sleppa á þá.

### 2. Lagarfljótssvæði.

Áfram verði fylgst með uppvexti sleppiseiða á svæðinu. Áhersla hefur verið lögð á það við viðkomandi veiðifélag, að starfrækja áfram kistu í fiskvegi, og einnig lagt til að gönguseiðagildrum verði komið fyrir í 1 eða 2 af þverám Lagarfljóts til að staðfesta niðurgöngu seiða og hugsanlega að koma við merkingum t.d. með uggaklippingum.

3. Æskilegt framhald af skráningu silungsvatna á Austurlandi eru frumathuganir á vötnum, sem enn hafa ekki verið athuguð í fiski-  
fræðilegu tilliti. Það þarf að framkvæma rannsóknarveiðar sem  
viðast, gera lýsingar í vötnum og meta með tilliti til hugsanlegrar  
nýtingar. Það er skoðun mín, að silungsvötn og ár á Austurlandi  
eigi að hafa nokkurn forgang, þar sem mun minna er um laxveiði  
í fjórðungnum en annarsstaðar á landinu, og því eðlilegt, að beina  
kræftunum meira að silungi og nýtingu hans.

Svo að hægt sé að gera áður nefndar athuganir er nauðsynlegt, að  
vannabátur með nauðsynlegum útbúnaði sé staðsettur hjá skrifstofu  
Veiðimálastofnunar á Austurlandi.

4. Silungsár á Austurlandi eru að verulegu leyti ókannaðar, og  
er því ástæða til að hefja undirbúning á athugunum á göngusilungi.  
Ekki er líklegt, að þau mál fari á verulegt skrið fyrr en á árinu  
1984.

5. Veiðifélög.

Mikil deyfð er almennt yfir veiðifélögum á Austurlandi með undan-  
tekningum þó. Það þarf að vinna að því að blása lífi í óvirk  
félög, og hvetja til stofnunar veiðifélaga þar sem það hefur ekki  
enn verið gert, en ætti að vera samkvæmt laxveiðilögum.

Þetta starf er þegar hafið og verður unnið áfram með öðrum verk-  
efnum.

6. Annað.

Tilfallandi verkefnum verði sinnt að svo miklu leyti sem hægt  
er þegar þau koma upp.

13.12.1982

Árni Helgason